

## 081/00 - M.b. Guðrún SH-235

Guðrún SH-235, eldur um borð á veiðum á Breiðafirði

### M.b. Guðrún SH-235

Skipaskr.nr.: 7138

Smíðaður: í Sandgerði 1988 úr trefjaplasti

Stærð: 5,42 brl; 5,42 bt

Lengd: 8,54 m Breidd: 2,40 m Dýpt: 1,41 m

Vél: Yanmar 50,00 kW Ágerð: 1993

Annað:

Földi skipverja: 1

### Atvikalýsing

Hinn 13. ágúst 2000 um kl. 21:00 fór m.b. Guðrún SH-235 úr höfn frá Ólafsvík í róður með línu. Veður: suðaustan kaldi, dálítill alda, hægjandi.

Siglt var í norðvestlæga stefnu í um eina klukkustund og hafið að leggja línuna á svokölluðum Sjömílnamiðum í Kolluál.

Þegar lögð höfðu verið 7 bjóð af 10, milli kl. 22:00 og 23:00, sá skipstjóri að reyk lagði upp um lofttúðu á þaki stýrishúss en dyr að stýrishúsi voru lokaðar. Skipstjórinn opnaði inn í stýrishúsið en þá gaus á móti honum svartur reykur. Hann treysti sér ekki til að fara inn og ná í slökkvitæki eða ná til að nota talstöð en sneri sér þegar að því að sjósetja gúmmibjörgunarbát, og einnig stöðvaði hann siglingu bátsins. Gúmmibáturinn var sjósettur hlémegin og þegar skipstjórinn var kominn í hann átti hann í erfiðleikum við að koma sér frá brennandi bátnum sem rak undan vindi. Eftir að honum tókst að losa gúmmibátinn frá m.b. Guðrúnu SH-235 skaut hann upp neyðarflugeld og gangsetti neyðarsendi og henti honum í sjóinn.

Nokkru norðar og vestar var annar bátur, m.b. Ýr SH-375, á siglingu til lands eftir að línan var lögð. Skipstjóri þess báts sá talsverðan reyk framundan og um það leyti ljós frá neyðarflugeldi. Var stefnan tekin að reyknum og var skipbrotsmanni bjargað eftir tiltölulega stutta veru í gúmmibjörgunarbátnum. Eftir að skipbrotsmanni hafði verið bjargað um borð í aðkomufar virtist sem reykur minnkaði til muna frá bátnum og var þá dráttartaug komið fyrir milli bátanna en hún slitnaði fljótlega eftir að tekið var til við að draga brennandi bátinn. Skyndilega gaus upp mikill eldur og fljótlega virtist báturinn alelda stafna á milli.

Tilkynnt var til Tilkynningarskyldunnar um atvikið og varðskip sem var skammt undan var snúið í áttina að hinum brennandi báti. Bátnum sem bjargaði skipbrotsmanni var siglt að brennandi bátnum og sprautað úr slökkvitæki á eldinn í stýrishúsi án sjáanlegs árangurs. Kom varðskipið á vettvang um kl. 01:09 hinn 14. ágúst og logaði þá báturinn stafna í milli. Var reynt að slökkva í flakinu en þar sem það var brunnið niður undir sjólínu sökk það áður en tekist hafði að slökkva í því.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagðist hafa reykt two vindlinga á siglingu á miðin en taldi sig hafa drepið í þeim;
- að skipstjóri lokaði ekki dyrunum að stýrishúsini eftir að hann opnaði þær og hann fór til að sjósetja gúmmibjörgunarbátinn. Sagðist skipstjóri hafa séð hurðina slást til í bátnum eftir að hann var kominn í gúmmibjörgunarbátinn;
- að stjórnandi m.b. Guðrúnar SH-235 hafði lokið námi í Siglingaskólanum til þess að öðlast réttindi til að stjórna skipi allt að 30 brl. en hafði ekki hlotið réttindi. Skipstjóri hafði sótt námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna;
- að báturinn var keyptur í mars 2000. Að sögn skipstjóra sótthreinsaði hann þá eldhólf og reykgang en blöndungur var ekki yfirfarinn. Var eldavélin kynt stöðugt (allan

sólarhringinn) til að halda hita í bátnum og var blöndungur stilltur á 2,5 á skala 1 til 5;

- að sögn skipstjóra var ekki hæðargeymir (daggeymir) fyrir Sólo-eldavél og ekki er ljóst hvernig eldsneyti var knúið úr forðageymi undir afturhluta stýrishúss og inn í brunahol. Þekking á eldavélinni og tengdum búnaði svo og virkni hans virtist vera mjög takmörkuð;
- að skömmu áður en báturinn var keyptur hafði komið upp eldur í vélarrúmi og í framhaldi af því voru raflagnir frá vél að töflu endurnýjaðar svo og að dælum;
- að talið er að flakið hafi sokkið á stað  $65^{\circ}00'0733$  N og  $023^{\circ}56'8853$  V á 232 metra dýpi.

### Nefndarálit

Nefndin telur að hugsanlega hefði mátt hefta útbreiðslu eldsins ef dyr að stýrishúsi hefðu ekki verið opnaðar og breitt yfir loftrás á þaki stýrishúss.